

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, jafnframt er úr gildi felld 1. gr. reglugerðar nr. 357 17. júlí 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um akstur almenningsvagna frá biðstöð.

1. gr.

Heimilt er að auðkenna almenningsvagna, sem aka á áætlunarleiðum í þéttbýli, að aftan með tákmynd, sem lítur þannig út:



Tákmyndin skal vera tvílit, rauð og græn (örin), 48 cm á hæð og 25,5 cm á breidd. Hún skal fest á afturrúðu bifreiðar, vinstra megin.

2. gr.

Lögreglustjóri, þar sem bifreið er skráð, ákveður, hvaða almenningsvagna má auðkenna samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Ökumaður, sem í þéttbýli nálgast merкта biðstöð, þar sem almenningsvagn, auðkenndur samkv. 1. gr., hefur numið staðar, skal, ef ökumaður almenningsvagnsins hefur gefið merki um, að hann ætli að aka af stað, draga úr ökuhraða og, ef nauðsyn krefur, nema staðar, þannig að almenningsvagninn eigi greiða leið út í umferðina.

Ákvæði þetta leysir ökumann almenningsvagnsins þó eigi undan því að sýna ýrtruðu varúð til að koma í veg fyrir hættu.

4. gr.

Með þéttbýli er í reglugerð þessari átt við svæði, þar sem leyfður hámarks hraði er 50 km á klst. eða minni.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 48 17. maí 1977, öðlast gildi 1. apríl 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. febrúar 1978.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.